

Leiðarvísir

Fyrirkomulag lesturs í íslenskuveri Breiðholtsskóla

Inngangur

Í íslenskuveri Breiðholtsskóla fá nemendur í 5.-10. bekk sem eru nýkomnir til Íslands, íslenskukennslu í 20 kennslustundir á viku. Mikil reynsla hefur byggst upp í verinu í vetur, en þetta er fyrsti veturinn sem íslenskuverið er starfrækt í skólanum.

Hlutverk íslenskuvers er að mennta nemendur, þar til þeir hafa náð 1. stigi í *íslensku sem öðru tungumáli*, samkvæmt hæfniviðmiðum Aðalnámsrá grunnskóla. Í verinu er unnið með hæfniviðmiðin fjögur; hlustun, lestur, talað mál og ritun. Kunnátta í íslensku er forsenda farsællar skólagöngu og þátttöku í íslensku samfélagi. Góð lestrarkunnátta og lesskilningur leggur grunn að áframhaldandi námi nemenda.

Áskoranir

Helstu áskoranirnar sem við kennarar í íslenskuverinu tókum eftir í tengslum við lestur eru eftirfarandi:

- Margir nemendur kunna ekki latneskt letur þegar þeir flytja til Íslands. Þeir kunna að lesa á sínu tungumáli en eru á byrjunarreit þegar kemur að því að læra að lesa á latnesku tungumáli um leið og þeir eru að læra nýtt letur, hljóð og stafróf. Þetta á sérstaklega við um nemendur sem eru með tónmál sem móðurmál.
- Hljóð íslenskra sérhljóða.

Hvað þarf að hafa í huga

- Hugsa þarf vel að nemendum sem eru með tónmál sem móðurmál. K-PALS og G-PALS hentar sérstaklega vel fyrir þessa nemendur.

Hvað gekk vel

- K-PALS og G-PALS nýttist vel. Önnur verkefni sem reyndust vel voru Sagan um Bólu; hefti og verkefni fyrir hvert hefti. Í verkefnunum um Söguna um Bólu er áhersla lögð á orðaforða, orðmyndir, lesskilning og að nemendur þjálfist í að svara með heilli setningu.

Hvað má betur fara

- Þessi leiðarvísir fyrir uppbyggingu lesturs fyrir nemendur sem eru nýfluttir til landsins er enn í vinnslu og mun taka breytingum eftir því sem meiri reynsla safnast í kennslu *íslensku sem annars tungumáls*.
- Það er aðkallandi að skólasamfélagið sé betur í stakk búið til að kenna nemendum sem þurfa að læra nýja leturgerð auk þess þarf sérstaklega að huga að lestrarkennslu ólæsra barna sem tala tungumál með aðra leturgerð en latneska.
- Allar ábendingar um lestrarbækur og verkefni við hæfi, sem hægt er að bæta á listann hér að neðan, eru vel þegnar. Hægt er að senda ábendingar á elin.margret.gunnarsdottir@rvkskolar.is

Námsefni og verkefni sem gáfust vel

- K-PALS
- G-PALS
- Bára og Palli
 - 5 lestrarbækur
- Nói og Lína
 - 4 lestrarbækur
 - lesskilningsverkefni http://tungumalatorg.is/katla/files/2012/11/Verk_lina.pdf
- Sagan um Bólu (Höf: Hanna Kristín Þorgrímsdóttir)
 - 10 hefti
 - 10 verkefni (verða aðgengileg) (Höf: Elín Margrét Gunnarsdóttir)
 - *byggist á hljóðaaðferð og algengar orðmyndir kenndar*
- Veiðiferðin (Höf: Hanna Kristín Þorgrímsdóttir)
 - 5 lestrarbækur
 - 5 verkefni (verða aðgengileg haust 2023)
- Heima hjá Völu og Vala og vinir hennar (Höf: Ingibjörg Eiríksdóttir)
 - Lestrarbækur
 - Vinnubækur
 - https://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/03/Heima-hja-Volu_vinnubok.pdf
 - https://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2016/03/Vala-og-vinir-hennar_vinnubok.pdf
- Lestrarbækur Auðbjargar Pálsdóttur
 - 14 lesbækur og vinnubækur: <https://nytt.skolavefurinn.is/islenska/yngstastig/lestrarbaekur-audbjargar>
 - Flettibók (hægt að nálgast á netinu)
 - Upplestur (hægt að sækja upplestur á sögunum)
 - *þjálfu lesskilning*

Elín Margrét Gunnarsdóttir

Kennari í íslenskuveri Breiðholtsskóla, Reykjavík Suður

Júní 2023